

**111. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
20. ágúst 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1901191 - Innritun í leikskóla 2019

Innritun í leikskóla haustið 2019.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir greinagóðar upplýsingar.

2. 1703194 - Starfshópur um framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum

Lögð fram til kynningar lokadrög af skýrslu starfshóps um framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa drögum að skýrslu í umsagnarferli á milli funda í skipulags- og umhverfisráð, velferðarráð, öldungarráð og ungmennaráð.

3. 1908194 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs- haust 2019

Seinni úthlutun þróunarsjóðs skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að þróunarsjóður verði auglýstur með áherslu á bætta líðan barna.

4. 1906161 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar

Jafnréttisáætlun - endurskoðun

Skóla- og frístundaráð lýsir ánægju sinni með drög að Jafnréttisáætlun og óskar eftir því að þegar framkvæmdaáætlun liggur fyrir fái ráðið hana aftur til umsagnar ásamt framkvæmdaáætlun.

5. 1811110 - Íbúaþing um skólamál

Kynning á stöðu undirbúnings íbúaþings um skólamál.

Skóla- og frístundaráð þakkar verkefnastjóra, Friðbjörgu Eyrúnu fyrir upplýsingarnar. Íbúaþing um skólamál verður haldið 2. október 2019 frá kl. 17:00-21:00 og frekari upplýsingar verða veittar á næsta fundi ráðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.

Bára Daðadóttir
 Sandra M. Sigurjónsdóttir
 Ragnar B. Sæmundsson
 Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir
 Valgerður Janusdóttir